

Annáll haust 2024

Kæru útskriftarnemendur og aðrir gestir

Fjölbrautaskóli Suðurnesja er einn stærsti framhaldsskóli landsins og það er því margt sem hér fer fram á hverri önn. Ég ætla að stikla á stóru um það helsta sem gerðist í skólanum á þessari önn sem nú er að ljúka.

Fyrsti kennsludagur annarinnar var 19. ágúst en skólastarfið hófst þremur dögum fyrr þegar nýnemar voru boðaðir á svokallaðan nýnemadag. Tilgangurinn með deginum er fyrst og fremst að gera þessum yngstu nemendum okkar auðveldara að takast á við nám í nýjum skóla.

Um 1000 nemendur voru í dagskóla, rétt um 130 nemendur í síðdegisnámi en auk þess stunduðu um 120 grunnskólanemendur nám í einstökum áföngum. Það þarf marga starfsmenn til að þjónusta þennan fjölda nemenda og voru fastir starfsmenn skólans 100 á vorönninni, 83 kennarar, námsráðgjafar og stjórnendur, 17 aðrir starfsmenn og 7 stundakennarar. Verktakafyrirtæki sér síðan um ræstingu eins og verið hefur.

Það eru alltaf einhverjar breytingar á starfsmannahópnum og í haust hófu ellefu nýir kennarar störf og þrír aðrir starfsmenn. Guðlaug Pálsdóttir var í leyfi sem aðstoðarskólameistari en Guðmundur Grétar Karlsson leysti hana af. Ægir Karl Ægisson áfangastjóri hætti störfum í vor og var Elín Rut Ólafsdóttir ein áfangastjóri en hluti verkefna áfangastjóra færðust á námstjóra.

Í haust hófst nám á námsbrautum sem skólinn yfirtók samkvæmt samkomulagi við Keili. Það var nám í tölvuleikjagerð og einka- og styrktarþjálfun. Einnig hefur verið ákveðið að nám í fótaaðgerðafræði hefjist hér við skólann næsta haust. Áfram var haldið með iðnmeistaránám sem fór af stað á síðasta skólaári eftir nokkuð hlé en það er kennt síðdegis. Þetta nám er fyrir þá sem hafa lokið sveinsprófi í iðngrein og gefur aukin réttindi.

Fyrstu viku annarinnar stóð nemendafélagið NFS fyrir nýnemaviku en þá voru nýnemar boðnir velkomnir í skólann. Boðið var upp á fjölbreyttar uppákomur á hverjum degi. Vikan var svo sannarlega skemmtileg og vonandi að nýnemum finnist vel tekið á móti þeim.

Í lok ágúst var árlegur kynningarfundur fyrir foreldra nýnema haldinn á sal skólans. Foreldrum nýnema var boðið á fundinn þar sem skólinn var kynntur og sýnt hvernig foreldrar geta fylgst með námi barna sinna í skólakerfinu Innu. Stjórn nemendafélagsins NFS og forsvarsmenn foreldrafélagsins kynntu starfsemi félaganna og sögðu frá því helsta sem verður á dagskrá í vetur. Foreldrafélagið hefur stutt starfsemi nemendafélagsins á margvíslegan hátt og við þetta tækifæri fékk NFS Soundboks hátalara að gjöf frá foreldrafélaginu.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar, hreyfiaflsverkefni Félags kvenna í atvinnulífinu, fyrir árið 2024. Viðurkenningarnar voru veittar við hátíðlega athöfn í hátíðarsal Háskóla Íslands en það var Sonja Sigurðardóttir fjármálastjóri sem tók við viðurkenningunni fyrir hönd skólans.

Bleiki dagurinn var miðvikudaginn 23. október og tóku nemendafélagið og starfsmannafélagið sig saman um að halda upp á þennan mikilvæga dag. Nemendur seldu heimabakaðar vöflur með bleikum rjóma og kremi en afraksturinn rennur til Krabbameinsfélagsins. Fólk var svo hvatt til að mæta í bleiku og tóku fjölmargir þeirri áskorun. Þess má geta að allan október var skólinn lýstur upp með bleikum ljósum.

Í október var íþróttavika nemendafélagsins og var margt í boði. Nemendur voru hvattir til að mæta í íþróttatreyjum og þar var þema á hverjum degi. Nemendur kepptu sín á milli í körfubolta og kraftlyftingum og nemendur skoruðu síðan á starfsfólk í fótbolta þar sem hart var tekist á. Hápunktur vikunnar var á miðvikudagskvöld þegar haldið var skemmtikvöld á sal þar sem fór fram Gettu betur keppni milli bæjarfélaga.

Föstudaginn 8. nóvember var Dagur gegn einelti. Í tilefni hans var rætt um einelti og líðan í einni kennslustund þennan dag. Nemendur gátu síðan tekið saman setningar með skilaboðum um jákvæð samskipti og framkomu. Búið er að velja nokkrar setningar úr og verða þær settar á plaköt sem verða hengd upp í skólanum.

Vikuna 18.-21. nóvember var lýðræðisvika í framhaldsskólum landsins í tilefni Alþingiskosninga. Þar voru nemendur hvattir til að velta fyrir sér mikilvægi þess að kjósa og hversu mikilvægt það er að taka þátt í lýðræðisferlinu. Í fundartíma á miðvikudegi var framboðsfundur á sal þar sem voru fulltrúar allra framboða sem bjóða fram í Suðurkjördæmi í Alþingiskosningunum. Á fimmtudegi voru síðan svokallaðar skuggakosningar í skólanum. Með skuggakosningunum er líkt eftir Alþingiskosningum en allir nemendur skólans sem ekki hafa haft aldur til að kjósa í kosningum áður höfðu kosningarétt. Fyrir kosningar komu fjölmargir frambjóðendur í heimsókn og ræddi við nemendur og starfsfólk.

Skólinn tekur þátt í fjölbreyttu erlendu samstarfi og hefur það aukist jafnt og þétt undanfarin ár.

Átta nemendur og tveir kennarar lögðu land undir fót og ferðuðust til Zagreb í Króatíu í byrjun september. Tilgangur heimsóknarinnar var að heimsækja vinaskóla okkar, Prelog, en síðastliðið vor komu nemendur þaðan til okkar í heimsókn. Hópurinn lærði ýmislegt fróðlegt um menningu og náttúru Króatíu og vann fréttabréf og myndband um ferðina.

Þann 4. nóvember lagði hópur nemenda ásamt tveimur kennurum af stað í skólaheimsókn til borgarinnar Šiauliai í Litháen. Að þessu sinni fóru 9 nemendur ásamt tveimur kennurum en ferðin er liður í samstarfsverkefni fjögurra landa. Verkefnið er fjármagnað með styrk frá Nordplus Junior 2024 og lýkur vorið 2026.

Tveir norskir kennarar heimsóttu sjúkraliðabrautina en þeir heimsóttu einnig HSS og Hrafnistu. Tilgangurinn var að koma á samstarfi en þá myndu nemendur héðan m.a. fara í vinnustaðanáms til Noregs. Síðasta skólaár fóru þrjár nemendur í vinnustaðanáms til Spánnar og Danmerkur og á vorönninni fara fimm nemendur til Portúgals og Danmerkur. Einn nemandi var í 3 mánaða starfsnámi í Noregi á þessari önn á Erasmus+ styrk.

Stjórn og nefndir nemendafélagsins NFS héldu uppi öflugu starfi á önninni. Reglulega var boðið upp á skemmtikvöld og aðrar uppákomur að ógleymdum nýnemadansleik. Undir lok annarinnar kom út nýtt tölublað af skólablaðinu Vizkustykki sem var skemmtilegt og glæsilegt að vanda. Eftir áramót hefst svo spurningakeppnin Gettu betur og Morfís, mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskóla, og við eigum ekki von á öðru en að starf nemendafélagsins verði áfram öflugt.

Nemendur og kennarar tóku sér auðvitað ýmislegt fleira fyrir hendur á önninni.

Í byrjun nóvember fóru tíu nemendur af vélstjórnarbraut skólans í skoðunarferð um borð í nýjan togara Þorbjarnar í Grindavík. Togarinn heitir b/v Hulda Björnsdóttir GK 11 og er einn allra glæsilegasti og fullkomnasti ísfisktogari landsins.

Hluti af námi nemenda í myndlist er að sýna verk sín og nú hafa verið útbúin tvö rými til þess á 2. hæð í elsta hluta skólans. Fyrra rýmið er gamall sýningarskápur sem hefur fengið heitið Gallerí Box. Við hliðina á skápnum er skot þar sem einnig er búið að setja upp verk nemenda og fékk það rými heitið Gallerí Skot. Nemendur eru þegar búnir að setja upp sýningar í þessum nýju rýmum.

Nemendur í myndlist fóru í heimsókn á Listasafn Reykjanesbæjar og nemendur í teikniáfanga fóru þangað nokkrum dögum síðar. Nemendur í sjónlistum fóru á Kjarvalsstaði, skoðuðu tvær sýningar og unnu verk í skissubækur.

Á starfsbraut fóru nemendur á lokaári í starfsnámi í heimsókn til HSS. Markmið slíkra heimsókna er að vekja áhuga nemenda á ólíkum störfum og vinnustöðum og möguleikum þeirra til framtíðastarfa. Á starfsbraut var farið af stað með nýsköpunaráfanga og þar fengu nemendur fræðslu í Fab Lab Suðurnes um það starf sem þar fer fram. Einnig komu fulltrúar frá fyrirtækjunum Urta Islandica og Algalíf og kynntu starfsemi sína og vöruþróun.

Nemendur í þýskuáfanga fóru til Berlínar 10. til 14. október og heimsóttu framhaldsskóla. Nemendur skoðuðu sig svo um í Berlín og lögðu áherslu á að kynna sér merka sögu þessarar stórborgar.

Allir nemendur á 1. ári taka áfanga í lýðheilsu og lífsleikni. Þessi hópur tók þátt í forvarnadegi ungra ökumanna við 88 húsið og eru vonandi vel undirbúnir að fara út í umferðina sem ökumenn.

Nemendur í rannsóknaráfanga í félagsfræði gerðu vettvangsrannsókn í miðbæ Reykjavíkur og hlustuðu síðan á erindi á Þjóðarspeglili Félagsvísindasviðs HÍ.

Nemendur á afreksíþróttalínu stunda æfingar í sinni íþrótt samhliða námi og fá einnig fræðslu varðandi ýmislegt er viðkemur íþróttum og heilsu. Á þessari önn kom kom Björgvin Páll Gústavsson, landsliðsmarkvörður í handbolta, í heimsókn og ræddi sjálfstraust, frammistöðu o.fl. Dr. Erla Björnsdóttir ræddi við nemendur um mikilvægi svefns fyrir líkamlega og andlega heilsu, dægursveiflu og áhrif hennar á frammistöðu. Logi Geirsson, fyrrverandi landsliðsmaður í handknattleik, heimsótti einnig afreksíþróttalínuna og ræddi m.a. hvernig hann setti sér markmið og náði þeim og kom inn á sjálfsmynd.

Nemendur á fyrstu önn í rafiðnum fóru í heimsókn til Ískraft og fengu kynningu á almennu raflagnaefni og voru leystir út með gjöf að heimsókn lokinni. Nemendur í rafiðnum fengu einnig fyrirlestur um öryggismál í rafiðnaði þegar fulltrúar Mannvirkjastofnunar heimsóttu skólann.

Nemendur í náttúruvísindaáfangi fóru og gróðursettu plöntur við Vatnsholt á svæði Skógræktarfélags Suðurnesja. Náttúruvísindaáfanginn er grunnáfangi í náttúrufræði og í framhaldi af gróðursetningunni er fjallað um plöntur og hlutverk þeirra í náttúrunni.



Á hverri önn fær skólinn góðar gjafir frá velunnurum okkar en slíkar gjafir skipta miklu máli fyrir skólann og það starf sem hér fer fram.

Rafmennt, fræðslusetur rafiðnaðarins, gaf nemendum á 1. ári í rafiðnum og kennurum deildarinnar vandaðar vinnubuxur sem eiga örugglega eftir að nýtast vel í námi og starfi.

Rafiðnadeild fékk einnig góða gjöf frá Samtökum fyrirtækja í rafiðnaði sem gaf deildinni fjölsviðsmæla.

Auk hefðbundinnar kennslu fer margvíslegt innra starf fram í skólanum.

Katrín Ruth Þorgeirsdóttir flutti erindi fyrir kennara um áhættuhegðun og ofbeldi unglunga.

Á önninni skrifaði skólinn undir viljayfirlýsingu um að taka þátt í alþjóðlegu samstarfsneti skóla sem kallast UNESCO-skólar. Meginmarkmið UNESCO er að stuðla að friði og öryggi í heiminum með því að efla alþjóðlegasamvinnu á sviði menntunar, vísinda- og menningarmála.

Síðasta vikan í nóvember var jólavika. Þar var auðvitað jólaþeysudagur og nemendafélagið stóð fyrir piparkökuhúsaskreytingakeppni og bauð upp á heitt kakó og aðrar kræsingar sem tengjast jólavertíðinni. Salurinn var að sjálfsgöðu skreyttur og þar hljómaði jólatónlist daginn inn og daginn út. Í mötuneytinu var boðið upp á hamborgarhrygg og kalkún með brúnuðum kartöflum og öðru meðlæti. Nemendur kunnu vel að meta og myndaðist röð fram í anddyri.

Dimissio fór fram á sal föstudaginn 6. desember. Útskriftarhópurinn er frekar fámennur þetta haustið og því var fámennt en góðmennt í hópi Dimittanta. Hópurinn var að þessu sinni klæddur upp eins og hinir víðfrægu Menn í svörtu. Hópurinn sprellaði aðeins í morgunsárið og síðan var boðið upp á glæsilegan morgunmat í mötuneytinu. Síðan var komið að dagskrá á sal þar sem hópurinn "handtók" valda kennara og starfsmenn og veitti þeim viðurkenningu fyrir vel unnin störf og ýmislegt fleira.

Kæru útskriftarnemendur, ég vil nota tækifærið og óska ykkur hjartanlega til hamingju með útskriftina ykkar. Starfsfólki skólans þakka ég samstarfið á önninni og óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.